



2000



2001



2002



2003



2004




2005



2006


**Framtíðarsýn**  
framléiðenda tækja og búnaðar fyrir sjávarútveg og matvælavinnslu



Íslensk tækni í forystu fyrir sjávarútveg  
og matvælavinnslu á alþjóðamarkaði



2 **Útgefandi:** Samtök iðnaðarins. **Hönnun:** Brynjar Ragnarsson og Ólafur Gunnar Guðlaugsson. **Prentun:** Svansprent ehf. Allur réttur áskilinn.



# FRAMTÍÐARSÝN



3

**Forysta í þróun tækni  
og framleiðslu**

# FRAMTÍÐARSÝN

## Öflug fyrirtæki - stóraukin umsvif - góð framleiðni

Helstu fyrirtæki greinarinnar hafa sameinast og verið skráð á VPÍ. Þau eru sýnileg í þjóðfélaginu, hafa greiðan aðgang að fjármagni og eru öguð í rekstri. Það gerir þeim kleift að stunda markvissa vöruþróun, öflugt markaðsstarf og laða til sín úrvalsfólk á öllum sviðum.

Öflug fyrirtæki skapa forsendur fyrir stórauikum umsvifum í greininni með bættum rekstri sem byggist á hagkvæmri stærð rekstrareininga og faglegum vinnubrögðum. Samkeppnishæfni fyrirtækja hefur aukist og þau njóta virðingar á alþjóðamarkaði.

Lítill fyrirtæki njóta góðs af þessari þróun ýmist sem samstarfsaðilar eða sérhæfðir undirverktakar stærri fyrirtækja.

## Forysta á alþjóðamarkaði

Íslensk fyrirtæki, sem framleiða hátækniþúnað fyrir sjávarútveg og matvælavinnslu, eru í forystuhlutverki á sínu sviði á alþjóðamarkaði. Þróun tækja og þúnaðar byggist m. a. á sterkum og framsæknum sjávarútvegi sem stöðugt skapar hátækniyrirtækjum ný sóknarfæri.

Vegna árangursríks samstarfs íslenskra matvælaframleiðenda, sjávarútvegsfyrirtækja, framleiðenda hátækniþúnaðar og stofnana eru íslenskar hátæknilausnir leiðandi á alþjóðamarkaði.

Samstarf innlendra aðila eykur sífellt veg fyrirtækjanna í markaðssókn erlendis. Íslensk fyrirtæki og vörumerki eru heimsþekkt og laða erlend fyrirtæki til samstarfs.

## Forysta í þróun tækni og framleiðslu fyrir sjávarútveg og matvælavinnslu

Íslendingar hafa forystu í framleiðslu tækja og þúnaðar fyrir sjávarútveg og á það stóran þátt í að hámarksafkastur hefur náðst í vinnslu sjávarfangs.

Arðbærum störfum við fullvinnslu sjávarafurða og matvæla hefur fjölgað og íslenskir framleiðendur framleiða eingöngu gæðavörur.

Íslendingar eru í fremstu röð í hönnun og þróun fiskiskipa sem hefur m.a. leitt til aukinnar hagkvæmni í rekstri. Þá hefur stórbættur öryggisþúnaður um borð í skipum fækkað slysum.

Vinnubrögð við útboð og mat tilboða innanlands hafa batnað verulega og orðið til þess að hlutur íslenskra framleiðenda hefur aukist umtalsvert á síðustu árum, til hagsbóta fyrir þá og viðskiptavinum þeirra.

Hlutur innlendar framleiðslu hefur vaxið undanfarin ár á kostnað innflutnings enda flestir sammála um að íslensk framleiðsla standist ströngustu gæðakröfur.

# HVAD ÞARF TIL?



Eftirfarandi forsendur skipta sköpum:

- Víðtækt samstarf um lausn stórra og flókinna verkefna
- Aukin menntun og starfsþjálfun skila árangri
- Styrkur fyrirtækja liggur í mannauði, skilvirkri stjórnun og gæðum
- Aukin tækni, betri samkeppnishæfni framleiðslu
- Öflug nýsköpun byggð á þekkingu og samstarfi
- Samkeppnishæft laga-, reglugerða- og starfsumhverfi
- Fjölbreytt fjármögnun á markaði

## Samkeppnishæft starfsumhverfi

# HVAÐ ÞARF TIL?

## Víðtækt samstarf um lausn stórra og flókinna verkefna

Öflug og nán samvinna opinberra aðila, iðnaðar-, fiskvinnslu- og sjávarútvegsfyrirtækja skipar íslenskum fyrirtækjum í fremstu röð.

Þetta samstarf skapar frjóan jarðveg fyrir nýjar og byltingarkenndar heildarlausnir sem eru fullþróaðar á Íslandi og tilbúnar til markaðsfærslu erlendis. Markaðsfærslan er að nokkru leyti sameiginleg, þ.e. fyrirtæki eiga samstarf og koma í mörgum tilvikum fram sem ein heild gagnvart viðskiptavinum.

## Aukna menntun og starfsþjálfun

Hnitmiðuð iðn- og tæknimenntun nátengd atvinnulífi er undirstaða velgengni Íslendinga á sviði hátækniframleiðslu. Samstarf hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins hefur stóruáhrif tengsl atvinnulífs og skóla. Öflug símenntun eykur færni, starfsánægju og afköst.

Framleiðslutækni er með því sem best þekkist en krefst viðeigandi menntunar og þjálfunar. Hátt tæknistig greinarinnar og flóknari framleiðslutæki hafa krafist breyttrar áherslu í menntun. Vægi sjálfvirkni og upplýsingatækni hefur aukist.

Hátækni iðnaður í fremstu röð og aðlaðandi og skapandi starfsumhverfi eru afrakstur herra menntunarstigs.

## Skilvirka stjórnun, mannauð og gæði

Íslenskir framleiðendur samræma gæðamál og flest fyrirtæki vinna eftir vottuðu gæðakerfi. Vörur þeirra eru merktar samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og njóta viðurkenningar viðskiptavina. Gæðakerfin eru í þágu markaðar, viðskiptavina og starfsmanna og efla gæðavitund. Fyrirtækin eru fær um að þjóna viðskiptavinum sem gera miklar gæðakröfur.

Stjórnendur eru sérmenntaðir og búa yfir víðtækri þekkingu. Fyrirtækin greiða góð laun og laða til sín hæfileikaríkasta fólk. Vinnustaðir eru hreinir, bjartir og vistlegir.

Fyrirtækin eru sveigjanleg og fljót að bregðast við kröfum og óskum viðskiptavina. Þau eru vottuð af viðurkenndum aðilum og nota sameiginlegt íslenskt markaðsmerki sem gefur til kynna að um íslenska gæðaframleiðslu sé að ræða.

Sérhæfing er áberandi og dreifikerfi fyrir erlendan markað er skilvirkt og byggist á vel þjálfuðu og menntuðu starfsfólki.

## Aukna tækni og meiri samkeppnishæfni

Iðnaðurinn notar bestu hönnunar- og framleiðslutækni sem völ er á. Framleiðslutíminn er stuttur og framleiðslan arðbær. Rafræn innkaup leiða til hagkvæmni í öflun aðfanga og samræmdar merkingar, öryggiskröfur og staðlar auðvelda þau.

6

# Sterkir innviðir fyrirtækja

# HVAÐ ÞARF TIL?



Hátt tæknistig skilar fyrirtækjum í sjávarútvegi og matvælavinnslu betri afurðum og góðri afkomu. Búnaður er hannaður með tilliti til hámarksnýtingar hráefnis og til að fullnægja ströngustu kröfum um hreinlæti. Þar eru hafðar til hliðsjónar bestu aðferðir sem völ er á í hönnun og efnistækni.

## Öfluga nýsköpun byggð á þekkingu og samstarfi

Í greininni er mjög öflug rannsókn- og þróunarstarfsemi, byggð á samstarfi sjávarútvegs, iðnaðar-, rannsókn- og menntastofnana. Sameining rannsóknastofnana hefur leitt til þess að R&D-starf þeirra beinist að fyrirtækjum sem hafa vaxtarmöguleika, sérstaklega í útflutningi.

Greinin hefur góðan aðgang að þróunarsetri sjávarútvegs og iðnaðar til að þróa, prófa og gera úttekt á tækjum. Þar er einnig miðlægur gagnagrunnur sem varðveitir m. a. safn niðurstaðna úr tilraunum og rannsóknum.

Fjármagn er til ráðstöfunar í styrki og áhættulán til að aðstoða fyrirtæki í frumþróun, frekari þróun og til að markaðssetja vöru eftir að frumgerð er lokið.

Áhugi fjárfesta eflir nýsköpun í iðnaði og möguleika íslenskra fyrirtækja til útflutnings.

Þekking á verndun og vinnu með hugverkavernd er öflugt tæki íslenskra framleiðenda í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi.

# HVAÐ ÞARF TIL?



## Fjölbreytta fjármögnun á markaði

Fjármögnunarkostir fyrirtækja eru fjölbreyttir og mörg þeirra eru fjármögnuð á hluta- og verðbréfamarkaði. Starfsfólk er í æ ríkari mæli hluthafar í þeim fyrirtækjum sem það starfar hjá.

Grunnvörupróun er fjármögnuð með eigin fé og styrkjum, hér heima og erlendis. Mun stærri hluta þjóðartekna er varið til þróunar og nýsköpunar, bæði á vegum hins opinbera og einkafyrirtækja.

Fjármögnunarleiðir ESB nýtast vel í rannsókn- og þróunarstarfi fyrirtækja.

## Samkeppnishæft laga-, reglugerða- og starfsumhverfi

Starfandi er eitt öflugt atvinnuvegaráðuneyti sem sinnir sjávarútvegi, iðnaði, landbúnaði og þjónustu. Með bættum samgöngum hafa lítil sveitarfélög sameinast og eru nú öflugri atvinnu- og markaðssvæði en áður.

Síðustu árin hefur ríkt stöðugleiki í efnahagsmálum og skattar og gjöld á fyrirtæki eru nú með því lægsta sem tíðkast meðal helstu viðskipta- og samkeppnisþjóða. Lækkun opinberra gjalda styrkir samkeppnistöðu íslensks iðnaðar.

Sátt um fiskveiðistjórnun tryggir hámarksafrakstur fiskimiða til langs tíma litið og stöðuga vinnu í landi við vinnslu sjávarafurða.

Kjarasamningar tryggja bætta nýtingu framleiðslutækja og vaktavinna hefur verið tekin upp í vaxandi mæli. Þetta hefur leitt til þess að fyrirtæki hafa tekið upp nýja framleiðslutækni með nýjum, sjálfvirkum vélbúnaði svo að framleiðni hefur aukist til muna.

Merkur áfangi náðist með lækkun raforkuverðs til framleiðslufyrirtækja og er nú minni munur en nokkru sinni fyrr á þeim og stærstu kaupendum innlendrar orku.



# HELSTU VERKEFNI



**Markaðssókn á sérsviðum**

# HELSTU VERKEFNI

Fjöldmörg áhersluverkefni komu fram í stefnumótunarferlinu og var þeim forgangsraðað m.t.t. framtíðarsýnar og forsendna hennar. Þau lúta að samstarfi á sviði markaðs-, þróunar- og menntamála, auk almennra starfsskilyrða. Samstaða var um að brýnasta verkefnið til skammst tíma væri að sporna við innlendum kostnaðarhækkunum og halda gengi íslensku krónunnar stöðugu. Þegar litið er til lengri tíma vega þróunar- og menntamál hins vegar þyngst. Af þeim verkefnum sem nutu forgangs má nefna:

- Markaðssókn - markaðsfyrirtæki - á sérsviðum s.s. öryggismál, smábátar ofl.
- Frumgerð vöru - styrkir- áhættulán
- Vinnsluferli uppsjávarfiska - samstarfsverkefni iðnaðar og sjávarútvegs
- Samstarf um lausnir (heildarlausnir)
- Samstarfsvettvangur sjávarútvegs og iðnaðar - frh.
- Þróunarsetur iðnaðar og sjávarútvegs
- Hugverkavernd, virk meðhöndlun (þrjú verkefni)
- Verkefnafjármögnun við sölu framleiðslu
- Menntun málmíðnaðarmanna færð í nútímahorf
- Þróun og efling vinnustaðanáms
- Tækni- og viðskiptaháskóli atvinnulífsins
- Eitt atvinnumálaráðuneyti - átak til aðgerða á vegum SI og SA
- Afnám vörugjalda
- Gæðamál - staðlar - prófanir - CE-merkingar

Á hægri síðu er vasi fyrir útskiptanleg blöð sem lýsa áhersluverkefnum hverju sinni. Nokkur þessara verkefna eru á dagskrá Samstarfsvettvangs sjávarútvegs og iðnaðar en önnur eru unnin í samstarfi Samtaka iðnaðarins við Útflutningsráð Íslands, rannsóknastofnanir atvinnuveganna, Fræðsluráð málmíðnaðarins og aðra samstarfsaðila iðnaðarins.



# SAMSTARF UM STEFNUMÓTUN

## Framtíðarsýn framleiðenda tækja og búnaðar fyrir sjávarútveg og matvælavinnslu

Samtök iðnaðarins hafa í samráði við fyrirtæki á sviði tækni og búnaðar fyrir sjávarútveg og matvælavinnslu unnið að því að móta framtíðarsýn og marka stefnu í greininni. Niðurstöður þeirrar vinnu liggja nú fyrir og mótuð hefur verið framkvæmdaáætlun um verkefnin. Fjölmargir hafa komið að þessari vinnu en meginlínurnar voru lagðar í þaulskipulagðri hópvinnu sem hófst á hádegi 13. janúar 2000 og lauk á sama tíma næsta dag. Auk þess voru haldnir tveir stuttir fundir þar sem farið var yfir niðurstöður og framkvæmdaáætlanir. Á milli funda hittust þrír vinnuhópar einu sinni til tvisvar til að útfæra framkvæmd á afmörkuðum sviðum.

Meginniðurstöður eru settar fram í framtíðarsýn ásamt forsendum þess að hún geti orðið að veruleika. Þær eru birtar í formi þulartexta í kvikmynd sem lýsir stöðu greinarinnar árið 2006. Auk þess eru áhersluverkefni mótuð og gerðar tillögur um framkvæmd þeirra. Í þessu riti er sýnin birt í heild og taldar upp forsendur hennar og verkefni sem nauðsynlegt er að vinna. Áhersluverkefni breytast ört eftir því sem framkvæmd verksins miðar og þau eru því höfð aftast í ritinu á lausum blöðum sem skipta má út.



Davíð Lúðvíksson  
Forstöðumaður / Starfsgreinar, þjónusta og þróun



Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

Borgartúni 35 - Pósthólf 1450 - IS 121 Reykjavík - Sími 591 0100 - Fax 591 0101 - mottaka@si.is - www.si.is